




# Kjósarhreppur


## Aðalskipulag 2005 - 2017 - Efnistökusvæði í Þverá



Gildandi aðalskipulag Kjósarhepps 2005 - 2017

### LANDNOTKUN - SKÝRINGAR

LANDBÚNAÐUR	VATNSVERND - BRUNNSVÆÐI (VB)
LANDBÚNAÐUR/BÚGARÐAR (B)	VATNSVERND - GRANNSVÆÐI (VG)
ATHAFNASVÆÐI (A)	VATNSVERND - FJARSVÆÐI (VF)
IÐNAÐUR (I)	SVEITARFÉLAGSMÖRK
VÖTN, VATNSFÖLL OG HAF	JARÐAMÖRK
EFNISTAKA (E)	GÖNGULEIÐ/REIÐLEIÐ
ÖBYGGT SVÆÐI (Ó)	STOFNVEGUR (SV)
OPIÐ SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA (O)	TENGIVEGUR (TV)
VERSLUN OG ÞJÓNUSTA (VÞ)	SAFNVEGUR/EINKAVEGUR
ÞJÓNUSTUSTOFNUN (ÞS)	ENDURVARPSSTÖÐ
FRÍSTUNDABYGGÐ (F)	FJARSKIPTAVEITA
UMHVÆRISVERND (H)	RAFVEITA
ÞJÓMMINJAVERNÐ (Þ)	HITAVEITA
NÁTTÚRUVERNÐ - FRÍDLÝST SVÆÐI (NF)	VATNSVEITA
SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ (N)	HITAVEITA



Breytt aðalskipulag Kjósarhepps 2005 - 2017

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhepps þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

### GREINARGERÐ

#### 1 INNGANGUR

Sveitarfélagið vinnur að breytingu á aðalskipulagi Kjósarhepps 2005 - 2017. Með breytingunni er gert ráð fyrir að efnistökusvæði E22 verði fært úr farvegi Laxár í farveg Þverár við Hækingsdal. Magn efnis úr námunni verður allt að 45.000 m<sup>3</sup>. Hafrannsóknarstofnun hefur veitt umsögn um fyrirhugaða efnistöku, dagsett 19. apríl 2017 og er lýsing svæðis og umhverfisáhrif að nokkru byggð á henni.

#### 1.1 Breyting aðalskipulags

Breytingin tekur til efnistökusvæðis E22. Gert er ráð fyrir að efnistökusvæðið, sem nú er í farvegi Laxár við Hlíðarás verði fært í farveg Þverár við Hækingsdal. Svæðið í farvegi Þverár eru ógrónar áreyrar nokkuð ofan þess sem Þverá fellur í Laxá. Efni úr efnistökusvæðinu verður m.a. nýtt vegna framkvæmda við Kjósaskarðsveg. Meginmarkmið sveitarstjórnar með færslu efnistökusvæðisins er að nýta efnisnámu á sem hagstæðastan hátt til uppbyggingar Kjósarvegar, samhliða því að hlífa Laxá og farvegi hennar við raski.

#### 1.2 Kynning og samráð

Aðalskipulagsbreytingin verður unnin og afgreidd skv. 2. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrir liggur umsögn Hafrannsóknarstofnunar vegna hugsanlegra áhrifa á veiði í ánni. Tillagan verður einnig kynnt veiðifélagi Laxár og Fiskistofu áður en hún verður send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

### 2 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulag Kjósarhepps var staðfest af umhverfisráðherra 12. september 2007.

#### 2.1 Gildandi aðalskipulag

Gerð verður breyting á kafla um efnistökusvæði í greinargerð. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem efnistökusvæði E22 og verður svæðið fært úr farvegi Laxár, í farveg Þverár. Um efnistökusvæðið segir; „E22: Hlíðarás, Hækingsdalur, Írafell. 2,6 ha. Setnáma- áreyrar / fin möl“.

#### 2.2 Breytt aðalskipulag

Eftir breytingu verður texti fyrir efnistökusvæði E22 eftirfarandi; „E22: Þverá við Hækingsdal. Setnáma - áreyrar/möl. Stærð svæðis verður allt að 3,5 ha. Gert er ráð fyrir að efnistaka verði allt að 45.000 m<sup>3</sup>“.

### 3 MAT Á UMHVÆRISÁHRIFUM

Núverandi staðsetning efnistökusvæðis, E22 er í farvegi Laxár í Kjós en hún er vinsæl laxveiðiá. Fiskur hrygnir ofarlega í ánni, skv. umsögn Hafrannsóknarstofnunar og því er efnistökusvæðið á hrygningarstöðvum. Með því að færa námuna upp í farveg Þverár, sem er ein af hliðarám Laxár, er dregið úr áhrifum á laxastofninn, þ.m.t. hrygningarstöðar en við athugun 1996 fannst mjög lítið af seiðum í ánni, þó hún sé talin laxgeng, allt að 1500m. Það kemur einnig fram að lax hefur aldrei veiðst í Þverá en seiði hafa fundist í ánni þó lítið sé. Ekki hefur verið fylgst með seiðum í ánni frá árinu 1996 að því er fram kemur í umsögninni. Þar kemur einnig fram að Hafrannsóknarstofnun telur umhverfisáhrif af efnistöku í Þverá mun minni en ef farið verði í núverandi efnistökusvæði í Laxá. Efnið verður nýtt til framkvæmda við Kjósaskarðsveg og því er þessi staðsetning hagkvæm þar sem ekki þarf að aka langar vegalengdir frá efnistökusvæði að notkunarstað efnis. Landslag og ásýnd svæðisins mun breytast vegna efnistökkunnar en áhrifin verða staðbundin. Í gildandi aðalskipulagi er kveðið á um að ganga skuli þannig frá efnistökusvæði að vinnslutíma loknum að það falli sem best að umhverfi. Engar minjar eða verndarsvæði verða fyrir áhrifum vegna skipulagsbreytingarinnar.

### 4 NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR

Sveitarstjórn fellst á að færa efnistökusvæði E22 í farveg Þverár við Hækingsdal. Ætla má að umhverfisáhrif af efnistöku þar verði mun minni en á núverandi svæði í farvegi Laxár. Lögð er áhersla á að framkvæmd og öll efnisvinnsla sem áhrif kann að hafa á leirburð í ánni verði unnin utan veiðitímabils Laxár og í samráði við Veiðifélag Laxár og Fiskistofu.



STEINSHOLT

Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hella. S. 487 7800  
www.steinsholtsf.is

Hannað: GG, AJ, IS  
Teiknað: GLS

## KJÓSARHREPPUR

### Aðalskipulagsbreyting

Verk: 1606 SA120B

Mkv: 1:50.000

Blaðstærð: A3

Samþykkt:

Dags: 02.05.2017

Breytt: